



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Drög að samningi við Myndlistaskólann í Reykjavík

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. maí 2018 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. maí 2018, um samninga við Myndlistaskólann í Reykjavík, drög að samningum skóla- og frístundasviðs við Myndlistaskólann í Reykjavík, bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 1. mars 2018, um breyttan samstarfssamning milli Reykjavíkurborgar og Myndlistaskólans í Reykjavík og ársskýrsla Myndlistaskólans í Reykjavík 2017.

Drög að samningum skóla- og frístundasviðs við Myndlistaskólann í Reykjavík var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Framangreindu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 6. maí 2018

Drög að samningum við Myndlistaskólann í Reykjavík

Bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 1. mars 2018

Ársskýrsla Myndlistaskólans í Reykjavík 2017



Minnisblað

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samningur við Myndlistaskólann í Reykjavík

Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur um áratugaskeið notið styrkja Reykjavíkurborgar vegna námskeiða ætluðum börnum og ungmennum á vegum skólans.

Eftirfarandi er yfirlit yfir framlög til Myndlistaskólans í Reykjavík á grundvelli samnings við skóla- og frístundasvið undanfarin ár:

Árið 2012	18.500.000 kr.
Árið 2013	18.500.000 kr.
Árið 2014	18.500.000 kr.
Árið 2015	21.000.000 kr.
Árið 2016	20.000.000 kr.
Árið 2017	23.500.000 kr.
Árið 2018	11.750.000 kr. vegna vorannar

Með bréfi, dags. 1. mars 2018, er skóla- og frístundasviði tilkynnt um að borgarráð hafi samþykkt á fundi sínum þann 1. mars sl. að fela skóla- og frístundasviði að taka upp viðræður við Myndlistaskólann í Reykjavík um breyttan samstarfssamning.

Í apríl sl. var gerður samningur um styrk vegna vorannar ársins 2018 og tók hann mið af þeim verkefnum sem skilgreind voru í samningi ársins 2017 vegna vorannar 2018. Upphæðir voru óbreyttar og kemur því fram í samningi að skólinn verði styrktur um kr. 11.750.000.-.

Niðurstaða viðræðna skóla- og frístundasviðs um breyttan samstarfssamning var að gerðir yrðu tveir samningar, annars vegar samningur til þriggja ára um styrk við almenna starfsemi

Samningur

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 500796-2359, annars vegar og Myndlistaskólinn í Reykjavík, kt. 460269-4079, Hringbraut 121, 101 Reykjavík, hins vegar gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Skilyrði og markmið

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög og reglur.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg auk þess sem styrkþegi skal m.a til samræmis við reglurnar skila skóla- og frístundaráði kyngreindum gögnum um þá sem veita eða njóta e.a. njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Markmið samningsaðila er að styrkja og efla myndlistarnám barna og unglunga í Reykjavík með því að styrkja námskeið sem haldin eru fyrir ákveðna aldurshópa af Myndlistaskólanum í Reykjavík, skv. lýsingu í 2. gr. samningsins.

2. gr.

Styrkt verkefni í Myndlistaskólanum í Reykjavík

2.1 Myndlistaskólinn í Reykjavík býður börnum og ungmönnum almenn vetrarnámskeið á vettvangi skólans í samræmi við samningi þennan. Að jafnaði kenni skólinn á önn minnst 164 nemendum, á leik- og grunnskólaaldri, með lögheimili í Reykjavík, á almennum vetrarnámskeiðum sem fram fara í húsnæði skólans. Fyrir yngri hópana er boðið upp á almenn myndlistarnámskeið, þar sem nemendur kynnast ólíkum efnum og aðferðum en fyrir þá eldri er boðið upp á sérhæfðari námskeið, s.s. í teikningu og málun, myndasögugerð, hreyfimyndagerð, leirmótun og rennslu, skúlptúr og vídeólist. Á öllum námskeiðum eru viðfangsefni tengd listamönnum og listastefnum, þannig að börnin kynnast heimi myndlistarinnar og listasögunnar um leið og þau læra ólíka tækni og aðferðir.

Námskeiðin skulu vera í samræmi við almenn tilboð um vetrarnámskeið á vegum skólans og uppfylla skilyrði vegna nýtingar frístundakorts borgarinnar. Leitast skal við að bjóða námskeið yngri barna á öllum starfsstöðvum skólans í Reykjavík.

Styrkfjárhæð skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur til skólans vegna þessarar starfsemi er 22.000.000 kr. fyrir hvert skólaár á gildistíma samningsins.

Greiðslur verða inntar af hendi mánaðarlega í 36 jöfnum greiðslum, eftirá.

2.2. Myndlistaskólinn setur í ársskýrslu í júní ár hvert fram lýsingu á framkvæmd þeirri sem fram fer á grundvelli þessa samnings. Þar er meðal annars gerð grein fyrir nemendafjölda, helstu verkefnum og framkvæmd þeirra, kennurum og öðru sem samningsaðilar vilja hafa í slíkri skýrslu. Hægt er að kalla eftir áfangaskýrslu ef þess er talin þörf að mati styrkveitanda.

3. gr.

Áhrif fjölgunar nemenda og breytingar á tilboðum

Fækki skólinn tilboðum til barna og ungmenna í Reykjavík eða nýting þeirra dregst saman miðað við þær forsendur er koma fram í 2. gr. hér að framan mun skóla- og frístundasvið Reykjavíkur endurskoða styrkuppþæðina og má skólinn þá búast við lækkaðri styrkfjárhæð í samræmi við breyttar forsendur.

4.gr.

Upplýsingar og eftirlit

- 4.1 Myndlistaskólinn skilar ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí ár hvert um liðið fjárhagsár.
- 4.2 Myndlistaskólinn veitir skóla- og frístundasviði Reykjavíkur allar upplýsingar um starfsemi Myndlistarskólans sem beðið er um, svo sem um nemendafjölda, aldur nemenda, búsetu nemenda og bókhald skólans. Enn fremur allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttektar sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða myndmenntakennslu í Reykjavík almennt.

5. gr.

Endurkrafa vegna ofgreiðslu eða vanefnda

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt styrkfjárhæð af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka styrkfjárhæð til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

Verði á samningstímanum vanefndir á samningi þessum af hálfu skólans hvað varðar framkvæmdar þess sem hér er um samið áskilur skóla- og frístundasvið Reykjavíkur sér rétt til að stöðva greiðslur tafarlaust.

7. gr.

Gildistími og uppsögn

Samningur þessi gildir frá 1. ágúst 2018 og rennur út 31. júlí 2021 og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins. Samningurinn er uppsegjanlegur hvenær sem er á tímabilinu af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara miðað við næstu mánaðamót eftir uppsögn. Uppsögn skal vera skrifleg.

8. gr.

Þagmælska starfsfólks og meðferð stjórnsýslumála

Starfsfólk Myndlistaskólans skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

9. gr.

Framsal

Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt styrktarsamningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

10. gr.

Varnarþing

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um styrktarsamning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

11. gr.

Undirritun

Styrktarsamningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, x. maí 2018

f.h. skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

F.h. Myndlistaskólans í Reykjavík

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritunum og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt.



Samningur

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS), kt. 500796-2359, annars vegar og Myndlistaskólinn í Reykjavík, kt. 460269-4079, Hringbraut 121, 101 Reykjavík, hins vegar gera með sér svofelldan samning um kaup á þjónustu við starfsstaði skóla- og frístundasviðs:

1. gr.

Skilyrði og markmið

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög og reglur.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg auk þess sem styrkþegi skal m.a. til samræmis við reglurnar skila skóla- og frístundaráði kyngreindum gögnum um þá sem veita eða njóta e.a. njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Markmið sammingsaðila er að styrkja og efla myndlistarnám barna og unglunga í Reykjavík með því að greiða fyrir sérstök samstarfsverkefni skólans við leik- og grunnskóla Reykjavíkurborgar á tímabilinu.

2. gr.

Verkefni Myndlistaskólans í Reykjavík á grundvelli framlagsins

Þjónustukaup vegna samstarfs við starfsstöðvar skóla- og frístundasviðs

Grunnskólasamstarf

Myndlistaskólinn verður í samstarfi við grunnskóla í Reykjavík sem valdir eru í kjölfar umsóknarferlis í samstarfi við skóla- og frístundasvið. Gengið verður til samstarfs um kennslu nemenda á öllum stigum grunnskólans. Nemendur koma í bekkjum og er hverjum bekk skipt í 2 hópa.

Á yngsta stigi og miðstigi koma nemendur 3 morgna í Myndlistaskólann og fá 1-2 styttri skólaheimsóknir, hver nemandi fær 15,5-17,5 kest. Reiknað er með að allt að 24 bekkir taki þátt í samstarfinu á hverju skólaári.

Á unglíngastigi koma nemendur 2 morgna í Myndlistaskólann og fá 2-3 styttri skólaheimsóknir, hver nemandi fær 13-15 kest. Reiknað er með að allt að 12 bekkir taki þátt í



samstarfinu á hverju skólaári.

Vegna ólíkra stærða grunnskólanna getur þurft að færa kennslustundir milli skólastiga.

Leikskólasamstarf

Myndlistaskólinn verður í samstarfi við leikskóla í Reykjavík sem valdir eru í kjölfar umsóknarferlis í samstarfi við skóla- og frístundasvið. Nemendur koma í litlum hópum (6-8 börn) í fylgd leikskólakennara og kemur hver hópur í allt að 6 skipti. Kennslustundafjöldi á hvern nemenda er 11,25-13,5 kest. Reiknað er með allt að 24 hópum yfir skólaárið. Innifalið í verkefninu eru endurmenntunarnámskeið fyrir starfsfólk þátttökuleikskólanna. Starfsmenn greiða sjálfir hluta kostnaðar.

Endurmenntunarnámskeið

Myndlistaskólinn býður upp á endurmenntunarnámskeið fyrir kennara og starfsfólk grunnskóla og frístundaheimila í Reykjavík í samráði við skóla- og frístundasvið. Framlag Reykjavíkurborgar miðast við þrjú þriggja daga námskeið eða námskeið í alls níu daga á hverju skólaári.

3. gr.

Fjárhæð styrks og greiðslur

3.1 Skv. 2. gr. samningsins styrkir skóla- og frístundasvið Myndlistaskólann í Reykjavík um kr. 30.180.000 hvert skólaár vegna skólaáranna 2018-2019, 2019-2020, 2020-2021 og er fjárhæðin heildarframlag skóla- og frístundasviðs til skólans vegna þessarar starfsemi á tímabilinu:

Framlag pr. skólaár:

Samstarf við starfsstöðvar SFS	kr.	28.030.000
Endurmenntunarnámskeið	kr.	2.150.000
Samtals pr. skólaár	kr.	30.180.000

3.2 Greiðslur verða inntar af hendi mánaðarlega í 36 jöfnum greiðslum, eftirá.

3.3 Myndlistaskólinn skilar greinagerð til skóla- og frístundasviðs í júní ár hvert um liðið skólaár. Þar er verkefnum á vettvangi starfsstaða SFS lýst, framkvæmdin metin og annað tekið fram sem samningsaðilar vilja hafa í slíkri skýrslu. Verkefnið verða jafnframt metin af þátttakendum og verður það mat unnið á vegum SFS.



4. gr.

Áhrif fjölgunar nemenda og breytingar á þjónustu

Myndlistaskólanum er heimilt að kenna fleiri nemendum og veita meiri þjónustu en gert er ráð fyrir í 2. gr. hér að framan en fjölgun nemenda eða aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð styrksins. Upphæð styrks er þá dreift á fleiri reykvíska nemendur og niðurgreiðsla á hvern nemanda minnkar í samræmi við það. Dragi skólinn úr kennslu eða þjónustu miðað við forsendur þær er koma fram í 2. gr. hér að framan mun skóla- og frístundasvið Reykjavíkur endurskoða styrkuppghæðina og má skólinn þá búast við lækkaðri styrkfjárhæð í samræmi við breyttar forsendur. Miðað verður við nemendaskrá 1. október og 1. febrúar ár hvert, auk upplýsinga um leik- og grunnskólasamstarf.

5. gr.

Upplýsingar og eftirlit

- 5.1 Myndlistaskólinn skilar ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí ár hvert um liðið fjárhagsár (almanaksár).
- 5.2 Myndlistaskólinn veitir skóla- og frístundasviði Reykjavíkur allar upplýsingar um starfsemi skólans sem beðið er um, svo sem um nemendafjölda, aldur nemenda, búsetu nemenda og bókhald skólans. Ennfremur allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttektar sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða myndmenntakennslu í Reykjavík almennt.

6. gr.

Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til skólans vegna verkefnanna við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

Verði á samningstímanum vanefndir á samningi þessum af hálfu skólans hvað varðar framkvæmd einhverra þeirra þátta sem hér er um samið áskilur skóla- og frístundasvið Reykjavíkur sér rétt til að stöðva greiðslur vegna þess hluta tafarlaust.



7. gr.

Gildistími og uppsögn

Samningur þessi gildir frá 1. ágúst 2018 og rennur út 30. júlí 2021 og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Samningurinn er uppsegjanlegur hvenær sem er á tímabilinu af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara miðað við næstu mánaðamót eftir uppsögn. Uppsögn skal vera skrifleg.

8. gr.

Þagmælska starfsfólks og meðferð stjórnsýslumála

Starfsfólk Myndlistaskólans skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

9. gr.

Framsal

Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

10. gr.

Varnarþing

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

11. gr.

Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, x. maí 2018



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

f.h. skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

F.h. Myndlistaskólans í Reykjavík

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritunum
og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt.

Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 1111



Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2018
R17020120
485
HBL/bp

Skóla- og frístundasvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Breyttur samstarfssamningur milli Reykjavíkurborgar og Myndlistaskólans í Reykjavík

Á fundi borgarráðs þann 1. mars 2018 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar að taka upp viðræður við Myndlistaskólann í Reykjavík um breyttan samstarfssamning.

Það tilkynnist hér með.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:
Menningar- og ferðamálasvið
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Hjálagt:
Erindi Myndlistaskólans í Reykjavík, dags. 15. febrúar 2018

SKULDAVER HÖFBATORGI
03. MAR. 2018
Málsn.: SFS2018-03-0040
Bréfatykill: 9.3.1

Reykjavík, 27. febrúar 2018
R17020120
485

Borgarráð

Viðræður við Myndlistaskólann í Reykjavík um breyttan samstarfssamning

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar að taka upp viðræður við Myndlistaskólann í Reykjavík um breyttan samstarfssamning.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Bréf skólastjóra Myndlistaskólans í Reykjavík, dags. 15. feb. 2018.

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

Borgarstjórinn í Reykjavík
Dagur B Eggertsson

Reykjavík, 15. febrúar 2018

Varðar: Breyttan samstarfssamning milli Reykjavíkurborgar og Myndlistaskólans í Reykjavík og mögulega flutninga skólans nær miðju borgarinnar

Fyrir hönd Myndlistaskólans í Reykjavík óska ég hér með eftir formlegu samtali við borgaryfirvöld um aukið framlag til þess hluta samnings borgarinnar við skólann sem snýr að samstarfi við leik- og grunnskóla í borginni. Skólinn á að baki 70 ára sögu og hefur allan þann tíma átt í miklu samstarfi við borgina um myndlistarkennslu fyrir börn. Skólinn er sá eini sinnar tegundar innan borgarinnar og gegnir því mikilvægu hlutverki fyrir íbúana. Hann skiptir jafnframt miklu máli fyrir myndlistarlífið í landinu en stór hluti af framvarðarsveit íslenskra myndlistarmanna eru fyrrverandi nemendur skólans.


Samstarfsverkefni við leik- og grunnskóla hafa verið liður í samningum skólans við borgina frá því skömmu eftir aldamót. Samstarfið hefur mælst vel fyrir meðal þátttakenda en til þessa hafa fáir skólar komist að vegna þess hve litlu fé hefur verið varið til verkefnisins. Á fundi með borgarstjóra 19. október s.l. kynntum við Charlotta Magnúsdóttir deildarstjóri barna- og unglíngadeildar skólans hugmyndir okkar fyrir borgarstjóra en þær gera ráð fyrir að skólinn taki við leik- og grunnskólahópum allt skólaárið. Við leggjum til að þátttökuskólar verði áfram valdir í samstarfi við skóla- og fristundasvið. Sömuleiðis að samráð verði haft við sviðið t.d. um hvort ákveðnum árgöngum verði boðið eða hvort eitthvert ákveðið þema verði í brennidepli. Við viljum byggja á reynslunni við skipulagningu á dagskránni en við leggjum ríka áherslu á að áfram verði um gæðastundir að ræða fyrir börnin og kennara þeirra. Hingað til hafa leikskólabörn komið vikulega í Myndlistaskólann í litlum hópum og hefur hvert barn fengið 6-7 skipti. Grunnskólahóparnir hafa komið daglega í 3ja - 5 daga listbúðir. Í einhverjum tilvikum hafa kennarar skólans farið með verkefni út í skólana og skólinn getur vel tekið að sér að fara með ákveðin verkefni inn í skóla þegar þess er óskað. Við teljum hinsvegar mjög mikilvægt að listbúðirnar fari fram í Myndlistaskólanum. Verkstæðisumhverfi hefur hvetjandi áhrif á sköpunarvinnu nemenda og mun auðveldara er að framkvæma ýmsa hluti hjá okkur en í hefðbundnu umhverfi leik- og grunnskóla.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hefur gagnrýnt núverandi staðsetningu skólans. Hann sé ekki miðsvæðis og þjóni ekki nægilega vel öllum börnum í borginni. Skólinn hefur rekið útibú í Breiðholti og Grafarvogi til að koma til móts við íbúa í austari hverfum. Eins og kom fram á fundinum með borgarstjóra eru nú uppi hugmyndir um að flytja skólann úr JL-húsinu þar sem hann hefur verið til húsa í 20 ár og í augnablikinu erum við að skoða tvo kosti, húsnæði í Skeifunni og annað í Hlíðunum. Flutningarnir myndu þýða einhverja stækkun en á því er full þörf þar sem starfsemi skólans fyllir orðið út í hvern krók og kima við Hringbrautina. Sé tekið mið af orðum sviðsstjóra hlýtur það að teljast framfaraskref ef skólinn flytti á stað sem er í senn miðsvæðis og vel tengdur við almenningssamgöngur.

Í ljósi umræðu um skóla- og menntamál sem uppi er í íslensku samfélagi hljóta að felast tækifæri í því að geta boðið börnum að vinna skapandi verkefni undir handleiðslu listamanna í sérútbúnum myndlistaskóla. Myndlistaskólinn hefur tekið á sig mikinn niðurskurð í samningum við borgina á undanförunum áratug og það er algjörlega tímabært að borgin skoði afstöðu sína og styðji við betur skólann í stað þess að fara árlega fram á meiri vinnu fyrir framlag sem rýrnar stöðugt. Það er ekki sjálfgefið að til sé skóli eins og Myndlistaskólinn í Reykjavík, einkaskóli sem rekinn er af hugsjón en ekki í hagnaðarskyni því þrátt fyrir lág laun hafa kennarar og annað starfsfólk ávallt lagt bæði hjarta og sál í vinnu sína.

Skólinn hefur verið fjárhagslega sjálfstæður í tvo áratugi en fram að því þurfti borgin stundum að grípa til björgunaraðgerða. Myndlistaskólinn í Reykjavík er vel rekinn þrátt fyrir þröngan fjárhag, m.a. fékk skólinn gæðastimpil Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki í janúar s.l. Reksturinn er samt viðkvæmur og flutningar eru gríðarlega kostnaðarsöm aðgerð sem skapar markaðslega óvissu, a.m.k. fyrst um sinn. Það er mikilvægt að hafa í huga að þær hugmyndir sem hér eru lagðar fram ganga ekki út á að borgin hækki framlög sín einhliða heldur er verið að tala um að fjölga verkefnum. Með því bætir skólinn stofunýtingu sem er algjört lykilatriði í rekstri skólans.

F.h. Myndlistaskólans í Reykjavík


Áslaug Thorlacius, skólastjóri

Afrit fá formaður skóla- og frístundasviðs, forseti borgarstjórnar og formaður borgarráðs.